

Fundur í mats og hæfnisnefnd**Dagsetning:** 28. nóvember 2022**Fundartími:** 15:00 – 16.30**Staðsetning:** Furugerði 4, Skaftahlíð**Viðstaddir:** Reynir Tómas Geirsson, Magnús Karl Magnússon, Már Kristjánsson og Kristín Huld Haraldsdóttir**Fjarverandi:****Fundarritari:** Selma Guðnadóttir**Fundarefni:**

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Staðan varðandi reglugerðarbreytingar, Gullbók, reglur um mat á kennslustöðum. En er verið að bíða eftir reglugerðarbreytingum frá ráðuneytinu, en Gullbókin verður send út um áramótin á kennslustjóra á samþykktum kennslustöðum. RTG hefur haft samband til UK og loks búin að fá svar. Vill fá samþykki fyrir því að grunnurinn verði notaður hér. RTG bíður eftir að vera kallaður á fund í framhaldsmenntunarráði.
3. RTG hefur verið að bæta leiðbeiningar fyrir sérgreinarnar sem eru að taka að sér sérnámslækna. Var á ARCP hjá lyflækningasviðinu sem var fróðlegt og upplýsandi.
4. MK upplýsir að það sé þreyta hjá lyflæknum gagnavart því að fylla út logbókina. KHH segir einnig að þetta sé vandamál hjá sérnámslæknum á skurðsviðinu líka. Framhaldsmenntunarráð er lykil atriði fyrir því að þessu verði sinnt en þetta er stórt atriði hjá nemunum.
5. Rætt um ráðningar sérnámslækna í afleysingastöður í Svíþjóð þar sem yfirlæknar ráða hvort þau eru tekin í sérnámsferlið eða eru tilfallandi vinnukraftur. Hjá EL vantar nú lögfræðing til að sinna þessum málum auk læknisfræðilega menntaðs fagmanns.
6. Faglegt eftirlit með sérnámslæknum er í höndum EL, spítalans og framhaldsmenntunarráðs. Rætt.
7. Önnur mál.